

# SKIMUN FYRIR LEGHÁLSKRABBAMEINI

Heilsugæslan sér um framkvæmd skimunar fyrir krabbameini í leghálsi. Konur á aldrinum 23-29 ára fá boð um skimun á 3 ára fresti og konur á aldrinum 30-59 ára á 5 ára fresti. Sjá nánar [bækling frá Embætti landlæknis](#).

Við fyrstu komu í mæðravernd er rétt að kanna hvenær leghálsstrok var tekið síðast. Ef kona hefur sinnt boði um skimun skv. leiðbeiningum og kominn er tími á skimun má bíða með það þar til eftir 8 vikum eftir fæðingu.

Ef kona hefur ekki sinnt boði um skimun er ráðlagt að ljósmóðir bjóði konunni að taka leghálsýni eða vísi konu áfram til sýnatöku á heilsugæslu eða hjá kvensjúkdómalækni.

Ef barnshafandi kona fær boð um speglun og sýnatöku frá leghálsi er haft samráð við [Samhæfingarstöð krabbameinsskimana \(heilsugaeslan.is\)](#)

Ef vafaatriði eru til staðar má leita til [Samhæfingarstöð krabbameinsskimana | Heilsugæslan \(heilsugaeslan.is\)](#)